PScan 1506.5

Kvennablaðið kostar 3 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skriflog bundin við áramót, ógild nema komin sé til útget. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

25. ár. | Reykjavík, 30. júlí 1919. | № 7.

Barnadagurinn.

NI.

Fyrsta árið, sem þetta fyrirtæki byrjaði, 1911, voru á allri eyjunni að eins tveir barnahópar, eða um 30 börn. 1912 voru hóparnir eða barna nýlendurnar orðnar 6, með 186 börn. Og svo hækkar talan jafnt og þétt með hverju ári þangað til 1916, þá eru þar 21 nýlenda með 670 börn. 1917 eru þar 1070 börn, og af þeim eru 452 ókeypis, og 628 eru í meðgjafarnýlendum (kolonium), sem Svíar kalla það.

Hugsið ykkur að vera komin í hóp allra skólabarnanna í Stokkhólmi, þau voru 1917 milli 30—40 þúsund, það er eins og íbúatala ýmsra borga. Og mörg af þeim eru bæði mögur og klæðlítil, og hafa tekið mikið út í lélegu íbúðunum fátæklinganna í Stokkhólmi, í vetrarfrostunum. Haldið þið ekki að það verði áhugi og eftirvænting meðal þeirra á því, hvert af þeim ödlist nú þetta eftirþráða hnoss, að mega vera í þessari barnanna Paradís heilar 8 vikur af sumrinu. Og ekki getur komið til mála að senda nema veikluðustu börnin og auðvitað verða þau að vera góð og siðsöm. Það verða skólakennararnir að sjá um, því alt er þetta valið með þeirra ráðum, af því það eru skólabörn. Þau eru svo skoðuð af skólalækninum, og hann velur þau, sem mesta þörf hafa fyrir heilsubót og hressingu. Samskotafé frá Barnahjálpardeginum, kemur hér að góðu liði.

Til þess að geta gert sér hugmynd um kostnaðinn við þessa tveggja mánaða sumarveru barnanna þarna, má geta þess, að 1917 var allur kostnaðurinn við veru barnanna þar um 90 þús. krónur, sem aðallega er fæðiskostnaður, og laun fólksins, sem þar eru. Barnadaginn safnaðist þá um vorið 196 þús., sem var það mesta, sem inn hafði komið á einnm degi. En auðvitað er það ekki nóg til að kosta alt við þessa barna sumarbústaði.

En alt er það kostað af privat samskotum og gjöfum, með tillögum og styrkjum frá félögum, söfnuðum og einstaka mönnum. Bæjarfélagið leggur engan eyri til þess.

Síðustu tvö árin hafa tvær smáar nýlendur verið settar á fót, með veikluð börn undir 6 ára aldri og þykja hafa gefist mjög vel. Börnin friskast og fitna og heilsan batnar á allan hátt. Ýmsir barnavinir karlar og konur hafa gefið og gefa árlega til að bæta við nýjum barnabæjum, því allar byggingarnar standa út af fyrir sig hingað og þangað á eynni. Að eins sameiginleg eldhús og þvottahús fyrir mörg af þeim, af sparnaðarástæðum. Margt og mikið er gert til að gera veruna sem skemtilegasta. Ýmislegt handa þeim til leika, t. d. Indíánabæir o. s. frv. fyrir utan allskonar sport og leikfimi.

Hvenær ætli að við hér í Reykjavík komustum svo langt að sjá fátæku veikluðu börnunum hérna fyrir góðum hressandi sumarbústöðum, þar sem vel er með þau farið, þau fá að leika sér, en ekki þreyta sig og þrælka og fá nýmjólk eins og þau vilja og góðan mat og hirðingu? Þær konur sem hér hafa svo lofsverðan áhuga á að bæta kjör barnanna, ættu nú fyrst og fremst að snúa sér að þessu máli. Það er ekki lítilsverður undirbúningur undir skólanámið að vetrinum, að fá börnin hraust og sælleg úr sveitinni eftir sumarið. Hér er að eins átt við ung og veikluð börn, sem hvorki gætu né mætti nota til snúninga og vinnu að sumrinu, vegna þess að þau yrðu að fá hvíld og hressingu fyrst og fremst. Við eigum líka of mörg veikluð skólabörn sem hefðu þörf á slíkri sumarhressingu. Hver vill nú gangast fyrir að koma þessu máli á góðan rekspöl hér?

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

Fyrsti vísirinn til fjárgjafanna ætti að vera afgangurinn af inflúenzu-samskotunum frá í vetur, sem ýmsir barnavinir hafa ákveðið að ætti að notast að eins handa börnum. Bæjarstjórnin hefir ráð yfir þessu fé, sem er liðugar 2000 krónur. Þær ætti að nota næsta ár til þessa, ef þá yrði búið að undirbúa þetta mál.

Hér er verkefni fyrir skólafólk og aðra, sem sérstaklega er ant um börnin hérna. Bezt væri að stofna sérstakt félag í þessum tilgangi, og forgönguna í því ættu skólakennararnir að taka sér. Margir, bæði karlar og konur, munu fúsir að styðja slíkt fyrirtæki á allan hátt. En það verður að byrja á undirbúningnum strax í haust eða vetur snemma. Og „hálfnað er verk, þá hafið er".

Verkalaun læknanna.

Nú, þegar svo mikið er talað um laun og launahækkun, bæði lækna og annara embættismanna, þá hefðu margir ef til vill gaman af að lesa nokkrar tölur um reikninga lækna á ýmsum tímum, fyrir verk þeirra, sem greiddir hafa verið mótmælalaust.

Heilbrigðin hefir með réttu verið álitin dýrmætasta hnossið í lífinu, og því hefir þeim læknum, sem orð hafa sérstaklega haft á sér fyrir lækningar sínar, verið borgaðar afskaplega háar upphæðir. Einkum hafa sérfræðingar í læknislistinni hrúgað oft saman miklum auð, þótt margir aðrir læknar hafi orðið að láta sér nægja mjög lítil vinnulaun.

Skulu hér talin upp nokkur dæmi þess, hversu læknum hefir oft verið borgaðar lækningar þeirra og heimsóknir í þeim erindum.

Honorius páfi 4, lét sækja til sín hinn fræga lækni Thaddæus frá Florens, 1282, þegar páfinn var sjúkur. En læknirinn neitaði að ferðast til Róm þangað til honum var heitið að launum 1000 gullpeningum. Þetta þótti þó jafnvel páfanum of mikið, og þegar hann var orðinn heill heilsu, mótmælti hann þessum reikningi. En læknirinn var ekki síður séður, að koma vilja sínum fram, en hann var leikinn í læknislistinni, því hann svaraði páfanum þessu:

„Hvað er þetta? Ætli yfirhöfuð allrar kristninnar sé minna vert en allir þeir smá greifar og furstar, sem borga mér 100 dúkata á dag?"

Þessi orð höfðu áhrif á Honorius páfa. Hann greiddi ekki einungis hina ákveðnu upphæð, heldur gaf lækninum auk þess 10,000 dúkata.

Lúðvík XI. Frakklands konungur greiddi doktor Jacques Collier fyrir 7 mánaða læknishjálp, 100,000 dali, sem á þeim tímum var mikið fé.

Nú á síðari tímum eru það einkum hinir frægu skurðlæknar, sem heimta afar háar upphæðir fyrir handtök sín. Ef þeir eru sérfræðingar, þá reikna þeir sér jafnvel fyrir tiltölulega létta skurði, borgun, sem skiftir þúsundum króna. Og verði þeir að ferðast eitthvað til að gera skurðlækningu, þá kostar það of fjár.

Þannig fékk dr. Hahn, forstjórinn fyrir sjúkrahúsinu í Berlín, 1000 pund sterling eða yfir 18,000 kr., fyrir ferð til Englands, til að skera upp barkakýlið á Williams hofréttarráði, sem var mjög auðugur maður.

Þesskonar borganir eru algengar, og að einu leyti sanngjarnar, því slíkir frægir sérfræðingar geta oft haft eins há daglaun og ýmsir embættismenn hafa alt árið. En því verða þeir að sleppa, meðan þeir ferðast burtu til annara sjúklinga.

Þó krefjast frægir Ameríku-læknar margfalt hærri launa, en stéttarbræður þeirra í Norðurálfunni. Læknareikningar þar, sem hljóða upp á 100,000 kr. og þar yfir, eru algengir.

Hæðst komast þó læknarnir í Argentína. Austurrískri konsúllinn Sohnabl segir í bók sinni um Buinos Ayres: „Þar er enginn viss taksti til, og læknirinn getur eftir velþóknun skrúfað upp vörur sínar eins og hann vill. Þannig vill oft til, að dálítið vandasamt rifbeinsbrot eða fótbrot, geti kostað allar árstekjur mannsins, og alveg eyðilagt efnalitlar fjölskyldur. Fyrir, að hjálpa við barnsfæðingu heimta þeir með köldu blóði 500—1000 franka.

Eg þekti líka til einu sinni þar, sem læknirinn heimtaði 50,000 franka fyrir eina — innsprautun. Þetta bar við í Montevideo. Lesarinn segir nú líklega: Var hann brjálaður? Nei, það var hann ekki, og sjúklingurinn ekki heldur, — því hann borgaði reikninginn.

Þegar um konungsfólk er að ræða, þá er gjaldið enn þá hærra. Þegar Don Pedro Brasilíukeisari sýktist í Mílanó, þá var dr. Aharrok frá París, kallaður til hans. Og fyrir ómakið fékk hann 40,000 franka, þegar kongurinn í Portugal dó, faðir þess sem nú var síðast við völd, þá var borgað fyrir læknishjálp á nokkrum vikum 300,000 frankar. Fyrsti læknirinn fékk 120,000 franka fyrir að koma 18 sinnum, annar fékk 80,000 fyrir 10 heimsóknir, o. s. frv. Launin, sem dr. Mackenzie fekk fyrir að stunda Friðrik Þýzkalandskeisara, föður Vilhjálms „fyrverandi", töldust vera hér um bil 300,000 kr. — Læknafélag í Lundúnum, sem frægustu enskir læknar og sérfræðingar voru í, hefir fyrir 25 árum síðan sett

fastan taxta fyrir meðlimi sína, og álitu þeir að 1000 pund væri hæfileg borgun fyrir hverja læknisvitjun til þjóðhöfðingja og þeirra fjölskyldna.

Alþjóða kvennafundurinn í Zürich 12.—17. maí 1919.

Sumir af lesendum Kvennablaðsins muna ef til vill, að konur frá allmörgum löndum héldu alþjóða friðarfund í Haag 1915, til þess að mótmæla stríðinu og skora á ríkisstjórnirnar að taka fyrir það, og semja varanlegan frið. Þá voru ekki franskar konur með og örfáar enskar, því þær fengu ekki leyfi til að fara fyr en of seint var orðið.

Nú í vor tóku friðarfélög kvenna aftur upp þessa hugmynd og boðuðu til fundar í Sviss 12.—17. maí. Og nú komu bæði enskar og franskar konur á fundinn. Alls tóku 14 lönd þátt í honum og sendu þangað fulltrúa. Kosnar fundarkonur voru taldar vera um 126, auk fjölda áheyrenda.

Eins og 1915, var hin stórmerka ameriska kona, Jane Addams fundarstjóri og formaður og skrifari var Miss Macmillan frá Englandi. Frá Þýzkalandi voru 4 fulltrúar, frá Austurríki 1, fra Ungverjalandi 1, frá Frakklandi 2, frá Ameríku 2, frá Hollandi 1, frá Englandi 6, frá Danmörku 1 og frá Noregi 1.

Fundurinn tók Wilsons 14 friðargreinir fyrir umræðuefni, eins og friðarfundur kvenna í Haag gerði 1915.

Viðvíkjandi þjóðasambandinu áleit fundurinn að frumvarp »4 mannanna« á friðarfundinum væri *ekki* í samræmi við Wilsons 14 friðargreinir. Eitt af þeim friðarskilyrðum Versalanefndarinnar sem fundurinn ræddi, var: Öllum þjóðum standi til boða að ganga í þjóðasambandið, ef þær óska þess og vilja taka að sér þær skyldur sem því eru samfara. Sömuleiðis sé öllum ríkjum skylt að minka mjög mikið allan vopnaburð, með sömu skilyrðum, hvort þau eru stór eða lítil, öll landvarnarskylda sé upphafin í öllum ríkjum þjóðasambandsins og frjáls aðgangur að öllum iðnaðarefnum og vörum, með sömu skilyrðum fyrir þau öll.

Þótt skoðanir fundarkvenna væru nokkuð misjafnar um hvaða aðstöðu þessi fundur skyldi hafa gagnvart Versala-friðarnefndinni, þá urðu þær þó allar sammála um fundarsamþykt viðvíkjandi *friðarskilyrðunum*, sem samin var af Mrs. Ethel Snowden frá Englandi og borin upp af „Politial Committe". Það var eitt af áhrifamestu augnablikum congressins, eftir að Mrs. Snowden hafði haldið framúrskarandi mælska ræðu, þar sem hún með miskunnarlausri hreinskilni og heitri réttlætistilfinningu, sýndi hvernig friðarskilmálarnir misbyðu öllum sannleika og réttlæti, þegar tillagan var samþykt í *einu hljóði*. Hún hljóðar þannig:

„Þessi alþjóða kvennafundur lætur í ljósi sína dýpstu óánægju með friðarskilmálana, sem stungið hefir verið upp á í Versölum, sem svo alvarlega særa allar þær meginreglur, sem einar geta trygt réttlátan og varanlegan frið, sem lýðurinn í öllum heiminum gengur að. Með því að friðarskilmálarnir tryggja sigurvegurunum ávextina af þeirra leyniráðum, viðurkenna þeir þegjandi hina leynilegu stjórnarkænsku, neita grundvallarreglunum fyrir sjálfsákvörðunarrétti þjóðanna, viðurkenna rétt sigurvegaranna til herfangs og skapa fjandskap og ósamlyndi í allri Norðurálfunni, sem að eins getur leitt til nýrra styrjalda. Kröfurnar, að einungis annar málsaðilinn leggi niður vopnin, er ekkert annað en áframhald af alheimsyfirráðum. Fjárhagslegu skilyrðin og fjárútlátin dæma heila kynslóð, hundrað miljóna af manneskjum, í hjartanu á sjálfri Norðurálfunni til örbirgðar, sjúkdóma og örvæntingar, sem hlýtur að leiða af sér stjórnleysi hjá öllum þjóðum. Með djúpri ábyrgðartilfinningu skorar congressinn á sambandsstjórnirnar að breyta friðarskilmálunum í þá átt að friðurinn verði í samræmi við grundvallaratriði þau, sem Wilson stakk fyrstur upp á, sem meginatriði friðarins. Virðing stjórna bandamannaþjóðanna er komin undir því að þessum reglum verði fylgt við friðarskilmálana".

Samþykt var að síma samstundis þessa

fundarsamþykt til París. Á sama hátt var farið með fundarsamþyktartillögu sem Mrs. Pethick Lawrence bar upp um að afnema hungur-hafnbannið og að allar heimsvörur, fæðuefni, iðnaðarefni, fjármálastjórn og samgöngumál skyldi frjáls að umsteypast og lagast til þess að frelsa þjóðirnar frá hungri og farsóttum, á sama hátt sem öllu fyrirkomulagi á eigum þessara sambandsþjóða hefir orðið að breyta, til þess að frelsa þjóðirnar frá undirokun hervaldsins. — — —

Margt fleira var rætt á fundinum, sem snerti þjóðfélagslegt skipulag, kvenréttindamál og uppeldismál. Stungið var upp á stöðugu alþjóða-uppeldisráði, sem meðali til að koma fram hugsuninni um endursköpun ástandsins í heiminum og alþjóðlegu siðgæði. Auðvitað var gamla krafan: sömu laun fyrir sömu störf, sem heimtað var að friðarnefndin í Versölum tæki upp í friðarskilmálana. Eftirfylgjandi kröfur var líka heimtað að teknar væru upp í friðarskilmálana:

»Konur fái sama kosningarrétt og jafnrétti við karla, í lagalegum, umboðslegum, þjóðfélagslegum og alþjóðlegum stofnunum. Konur standi eins og karlar undir vernd laganna gegn þrældómi. Giftar konur eigi sín fullu persónulegu og borgaralegu réttindi, að meðtöldum réttinum til þess að ráða yfir vinnulaunum sínum. Þær eigi rétt á að semja um kaup og sölu á eignum, án þess að maðurinn geri sín svaramanns réttindi gildandi yfir henni. Móðirin hafi sama svaramannsrétt yfir börnum sínum og faðirinn. Gifta konan hafi sama rétt og maðurinn til að halda eða breyta ríkisborgararétti sínum. Hinn lögákveðni skækjulifnaður skal bannaður og verzlun með konur bönnuð, og sömu siðferðisreglur skulu settar fyrir konur og karla.

Til þess að koma fundarsamþyktunum á framfæri á friðarfundinn í Versölum var kosin þriggja kvenna nefnd. Voru það þær Miss Addams, Mrs. Despard og Mame Ragaz.

Margar konur fóru á þennan fund í Zürich með kvíða og óvissu. Menn þorðu varla að trúa því að konur í hernaðarlöndunum, sem nú hefðu átt í bitrasta ófriði í 4 ár gætu hitst og skilist, án þess nokkur hjáróma tónn heyrðist og að alt væri eintóm samræmi og fegurð. En congressinn í Zürich hefir verið ein hrífandi hljómalda og lofsöngur um kærleik kvennanna til þeirra hugsjóna, sem gera lífið vert að lifa.

(Þýtt úr »Hertu«). *Anna Klemann.*

† Dr. Rev. Anna Howard Shaw.

Látin er í Philadelpiu í Bandaríkjunum 1. júlí sl., hin fræga kvenréttindakona dr. Rev. Anna Howard Shaw. Hún var einhver hin frægasta kona af öllum forgangs konum kvenréttindamálsins, og um fjölda mörg ár formaður fyrir sambands kvenréttindafélög Bandaríkjanna. Hún var af Kvekaraættum og hafði stúderað guðfræði og tekið embættispróf í því námi. Síðar lagði hún fyrir sig læknisfræði og tók einnig embættispróf í þeirri grein. — Það gerði hún til að geta hjálpað fátæklingunum í söfnuðum sínum.

Hún hafði þá gleði að lifa það að sjá þetta mál, sem hún hafði barist fyrir alt sitt líf, vera nú á hraðri sigurför um allan heiminn. Og hennar eigin landsmenn loks hafa samþykt það til fullnaðar á Sambandsþingi sínu í Washington 4. júní síðastl.

Kringsjá.

Sigurför kosningarréttar kvenna.

Í *Rússlandi* og nýju *Balkanrikjunum*, hafa konur einnig fengið kosningarrétt og kjörgengi og í *Þýska Austurriki*.

Í *Luxemburg* var almennur pólitískur kosningarréttur og kjörgengi fyrir allar konur 21 árs, samþyktar 8. maí sl., með 39 atkv. gegn 11. Hlutfallskosningar áttu bráðlega að fara fram.

Talið er mjög líklegt, að stjórnin á *Italiu* leggi bráðlega fram frumvarp fyrir þingið um kosningarrétt kvenna.

Síðustu fregnir frá Sviss herma það, að upp á fyrirspurn eins af jafnaðarmönnunum í þinginu hafi sambandsstjórnin svarað því, að með því að kosningarréttarfrumvarp kvenna hafi verið borið

upp og samþykt víða í Norðurálfunni, þá finni Svissneska stjórnin sig knúða til að gefa þessu máli sín bestu meðmæli.

Síðustu fregnir segja frá, að á þinginu í Hawai hafi einnig verið borið upp frumvarp um kosningarrétt kvenna og verið mjög vel tekið.

Á *Indlandi* er sterk kvenréttindabreyting, og mörg kvenréttindafélög. Hafa þar verið haldnir víða stórir fundir og „Congresser" af konum, sem öll hafa samþykt ákveðnar tillögur, um að indverskar konur fengju fult pólitískt jafnrétti við karlmenn.

Í *Kína* og *Japan* eru einnig stofnuð kvenréttindafélög sem krefjast þessara réttinda. Og í Kína fengu konur í einum landshlutanum kosningarrétt og kjörgengi í stjórnarbyltingunni 1906 og voru 6 konur valdar á þingið. En síðar voru þessi réttindi upphafin. — Í *Egyftalandi og Tyrklandi* hafa konur einnig stofnað kvenréttindafélög.

Loks kemur sú fregn frá Gyðingalandi, að í hinu nýja þjóðfélagi þar, sem býður eftir samþykki stórveldanna — eða friðarfundarins í Versölum — á undirbúningsfundi þeirra í Jerúsalem, sem þessi nýja ríkisstjórn hélt, undir væntanlegt þing, væri samþyktar tillögur um að í öllum lögum þeirra skyldi kosningarréttur og kjörgengi og jafnrjetti gilda jafnt fyrir karla og konur. Hver 21 árs kona skyldi hafa kosningarrétt og kjörgengi 24 ára.

Vestur-Indlandseyjar. *Jamaica.* — Síðastl. 14. maí samþykti löggjafarþingið á Jamaica lög um að veita öllum 25 ára konum kosningarrétt, ef þær greiða 2 pd. sterl. í skatt. — Karlmenn fá kosningarrétt 21 árs gamlir og þurfa ekki að greiða nema 10 shill. í skatt.

Sérstök lög voru samþykt og afgreidd 16. maí, sem veittu konum leyfi til að nota þenna nýfengna kosningarrétt við pólitísku kosningarnar þar í haust. — En enn þá hafa konur þar ekki kjörgengisrétt, hvorki pólitískan né í sveita og héraðamálum.

Verra gæti það verið.

Þýtt.

„Seinasta frídaginn þinn? En verður þú þá endilega að fara í dag? kæri drengurinn minn, sagði frú Teale, sem sat við morgunverðarborðið, og horfði ástúðlega á son sinn.

Gætir þú ekki fengið frí í eina viku ennþá? sagði faðir hans, um leið og hann skar gætilega í sundur brauðsneiðina sína, — þú sem nú ert orðinn meðeigandi í þessari fésýslu.

Einmitt þess vegna er mér mjög erfitt að fá frí núna, svaraði Gerald Teale. Þetta var alt það leyfi sem eg gat fengið þegar . . . .

Hann þagnaði alt í einu. „Þegar? Þegar hvað? spurði Magda systir hans.

„Nú, jæja, látum ykkur þá fá það", sagði Gerald og lagði knif og gaffal frá sér á borðið. „Nú skuluð þið fá fréttirnar, sem eg hefi geymt af feimni, þangað til núna. Þetta var alt það sumarleyfi, sem eg gat fengið núna, af því eg að mánuði liðnum ætla mér í brúðkaupsferð. Eg ætla sem sé að gifta mig.

Magda misti teskeiðina sína ofan í undirskálina og herra Teale misti niður brauðsneiðina sína forviða.

„Gifta þig!", sagði Magda: Frú Teale tók fréttinni með mesta jafnaðargeði. Hún vafði borðþerrunni sinni saman, og stakk henni inn í borðþerruhringinn meðan hún róleg horfði á son sinn í gegnum gullumgerðu gleraugun sín.

Þegar Gerard, þeirra einasti sonur, hafði með lofsverðu sjálfstæði farið að heiman, til að ryðja sér sjálfur braut, og yfirgefið öll þess þægindi, þá höfðu þau öll búist við einhverju miklu af honum.

Ef til vildi mundi hamingjan brosa við honum. Ef til vildi, kæmi hann sér svo vel í nýju stöðunni, að hann yrði auðugur maður. Og ef til vildi, næði hann í indæla unga stúlku af góðum og gömlum ættum. Þau voru sjálf af góðum, gömlum ættum og höfðu mætur á bláu blóði, — unga stúlku með marga góða hæfileika og mikla peninga!

Það hafði litið út sem þessi von þeirra mundi uppfyllast. Gerald hafði reynst sérlega duglegur fésýslumaður. — Hann hækkaði bráðlega í stöðunni og nýlega hafði hann komist fram úr þeirra djörfustu vonum, með því að verða tekinn inn í fyrirtækið sem meðeigandi og félagi.

Það sem nú var aftur óuppfylt af óskum þeirra, var að hann næði í hina fögru, tignu, ungu stúlku, með mörgu hæfileikana og miklu peningana.

Það var ekki furða, þótt systurnar titruðu af eftirvæntingu, og hr. Teale léki sér með úrkeðjuna sína með mikilli taugaæsingu og að frú Teale opnaði tvisvar varirnar, áður en hún gæti komið hinni ósegjanlegu, örlagaþrungnu spurningu út úr sér. Hver er hún?

„Hún heitir nú ungfrú Lára Fentson", svaraði Gerald brosandi.

„Fentson?", sagði frú Teale og hleypti brúnum spyrjandi. Eg man ekki eftir að eg hafi heyrt það ættarnafn nefnt.

Það er mjög líklegt, sagði Gerald. Sú fjölskylda er mjög útsláttarlaus.

„Fentson", endurtók frúin hugsandi. Hvar á það heima?".

„Í Weymannsgötu".

Frú Teale hrökk aftur á bak í stólinn og sagði: Svo — o! Hr. Teale leit mjög vonsviknum augum á son sinn, og systurnar Magda og Matthildur hljóðuðu upp yfir sig.

Weymansgatan! Það var langt á milli hennar og höfðingjabústaðanna í Westend. Í Weymannsgötunni bjuggu verkakonur, saumakonur og smámatsalar. — Þar bjuggu menn, sem verzluðu úti á strætunum, og þar áttu kerlingarnar heima, sem seldu vörur sínar á torgunum, eftir því sem þau minti bezt.

„Það getur þó varla verið Weymansgatan, Gerald?" spurði faðir hans.

„Jú, víst er það, svaraði Gerald.

En þá getur hún ómögulega verið af góðum ættum, fyrst hún býr í Weymansgötu", sagði frúin angistarleg.

„Fjölskyldan er heiðarleg", sagði Gerald rólega. Móðirin er ekkja. Hún vinnur fyrir kniplingaverzlun, og Lára hefir verið annar bókhaldari hjá okkur. Þar hefi eg kynst henni.

Frú Teale andvarpaði. Hún bókhaldari, og móðirin saumakona, stundi hún. Ó Gerald, verra gazt þú ekki valið.

„Bláfátæk stúlka", sagði faðir hans. Og við sem höfum vænst svo mikils af þér. Nei, verra gæti það ekki verið.

Ungi maðurinn horfði á þau til skiftis, með svip, sem bar vott um að nonum sárnaði, og að hann var hissa. Hann leit með fyrirlitningarsvip á þau.

„Hún er þá almenn verkakona", sagði Magda með skelfingu. „Og þetta fá allir að vita. Nei Gerald. Þetta gat ekki verið verra".

Matthildur leit á hann bæði hlýlega og raunalega, og sagði: »En máské hefir hún eitthvað, sem vegur á móti þessu öllu saman. Hún er ef til vill mjög falleg, ellegar „Geni"?"

Gerald brosti vingjarnlega, sneri sér að henni og sagði: „Auðvitað þykir mér hún falleg, en eg held að það sé af því að mér þykir vænt um hana. Eg held ekki að hún sé álitin fögur. Og hvað því viðvíkur, að hún sé „Geni", já, — þá er hún mjög duglegur bókhaldari, en hún hvorki syngur, málar eða gerir neitt þesskonar. Hún hefir hvorki haft tíma né peninga til neins þesskonar, aumingja stúlkan.

En nú sneri Matthildur sér óþolinmóðlega frá honum og sagði örvæntingarfull: „Það er þá alls ekkert sem hún er, eða kann. Nei, það gat ekki verið verra.

Gerald stóð nú á fætur sárreiður og sagði:

Þetta er vitlaust, og það er meira og verra en vitlaust. — Það er ranglátt og smásálarlegt. Hvernig getur skynsamt fólk, eða að minsta kosti fólk, sem er álitið að vera skynsamt", — sagði hann biturt, »sagt um nokkra manneskju, sem það hefir aldrei séð að hún gæti ekki verið verri. Það get eg ekki skilið«.

„Við skulum ekki tala meira um það", sagði móðir hans. Það er ekki til neins. Og þú ætlar að giftast í næsta mánuði?"

„Já, þann 9. Og þið komið náttúrlega með líka", sagði hann, hálf efablandinn.

„Nei, það getum við ómögulega«, sagði faðir hans stuttur í spuna.

»Nei, því getur þú ómögulega búist við«, sagði móðir hans í ávítunarróm.

»Jæja, fyrst fjallið vill ekki koma til Múhameðs. þá, — þið þekkið endirinn.

Undir eins og við komum úr brúðkaupsferðinni, þá heimsækjum við ykkur, ef við megum það, Þið verðið að læra að þekkja hana Láru«.

Þegar hann klukkustundu síðar fór af stað, þá hafði hann útvegað sér leyfið.

Móðir hans og systur kvöddu hann alúðlega. En faðir hans tók aðeins kuldalega í hönd hans. Og hann heyrði nær því altaf láta í eyrum sér þessi viðbjóðslegu orð: »Það gæti ekki verið verra«. Og alla leiðina heim, heyrðist honum eins og hvíslað væri að sér:

„Það gæti ekki verið verra en þetta". Og hann var mjög hugsandi á heimleiðinni.

——

Öll fjölskyldan hjá foreldrum Geralds, var nú mjög eftirvæntingarfull.

Brúðkaupsferð hans var lokið, og skeyti hafði komið um morguninn um það, að hann kæmi um kvöldið með konuna sína.

Borðið var dúkað og maturinn nær því tilbúinn. Frúin gekk óróleg inn og fram hvað eftir annað. Maður hennar sat og var að lesa í dagblaði, og systurnar gengu til og frá, og voru altaf að gæta að hvort þær sæju ekki vagninn koma neðan af veginum.

„Eg vona þó", sagði Magda og reigði höfuðið dálítið, „að hún sé sómasamleg að sjá. Hugsið ykkur alt það fólk sem hingað kemur til að heilsa þeim. Eg vona að hún sé þó ekki verri en við búumst við".

„Hún getur ekki verið verri", sagði frú Teale armædulega.

Nú heyrðist vagnskrölt útifyrir, og svo var dyraklukkunni hringt hart.

Öllum hnykti mjög við. Hr. Teale lagði frá sér blaðið, og frúin gekk mjög alvarleg fram að hurðinni. En áður en hún komst fram að dyrunum, var þeim lokið upp á gátt, og Gerald kom inn ljómandi af gleði. »Þetta er konan mín«, sagði hann stoltur. »Lára, þetta er hún móðir mín, faðir minn og Matthildur og Magda, systur mínar". Hann tók alúðlega í hönd hennar og leiddi hana til þeirra.

En hvað var þetta?

Öll litu þau alveg skjálfandi og náfál á brúðurina, því frammi fyrir þeim stóð kvenmaður, að sjá um fertugt, með málað og hræðilegt andlit, þunt, grátt hár, sem var gert hrokkið og sett upp á höfuðið á tilgerðalegan og andkannalegan, unglegan háft, og ofan á þessu litla, ljóta höfði sat svolítill hattur, skreyttur með sterkum, hræðilegum litum. Hún kom tipplandi inn og brosti tilgerðarlega.

„Þetta er konan mín", sagði Gerald. Ætlið þið ekki að bjóða hana velkomna?"

»Kannské þeim þyki eg ekki nógu góð handa sér", sagði hún fýlulega.

„Það er ómögulegt, elskan mín", svaraði hann, og klappaði henni ástúðlega á kinnina. Og þótt þú værir bara skuggi af sjálfri þér, þá yrðu þau ekkert hissa. Þau bjuggust ekki við svo góðu".

Hann leit til skiftis á fólkið sitt, sem stóð þar steini lostið. Nú opnuðust augu þeirra og þau mundu, að þau höfðu öll sagt, að það gæti ekki verið verra. — En höfðu þau nokkurntíma hugsað sér slíka tengdadóttur.

Gerald horfði á þau rólegur og brosandi. Faðir hans þerraði af sér svitann með vasaklútnum sínum. Frú Teale starði á tengdadóttur sína eins og einhverja vitrun, og dæturnar höfðu hnigið alveg magnlausar, ofan á næstu stólana.

„Já, móðir mín," sagði Gerald brosandi. „Auðvitað er hver nýr fjölskyldumeðlimur mjög mikilsverður, en mundu samt eftir því, að eg hefi góða matarlyst, og að giftingin hefir heldur aukið hana. Taktu hattinn þinn af þér góða mín. Heyrðu Magða!"

Magða kom til þeirra, þurleg og með samanklemdan munninn, til þess að taka við þessu óttalega, smekkleysis tildurstássi úr glerperlum og silkiblómum, sem unga frúin rétti að henni. Magða þorði ekki einu sinni að tala nokkurt orð.

Frú Teale var alveg hjartveik af sorg. Hún læddist hljóðlega fram og hringdi á matinn.

„Skelpöddusúpa", sagði brúðurin, með mjög fláum málrómi. „Mér þykir enginn matur jafngóður. Réttu mér þarna eitthvað af borðinu, tengdafaðir. Finst þér maturinn ekki ljúffengur, góði minn?"

„Jú, ágætur", sagði Gerald.

— „Ó, hún var afskapleg. Heimsk og dónaleg! Hvað skyldi maður nú uppgötva fleira, af líkri tegund.

Þetta varð ógleymanlegt kvöld. Aumingja foreldrarnir sátu föl og hnuggin og störðu ofan á diskana sína, eða litu hvort til annars með vaxandi örvæntingu, í hvort sinni sem tengdadóttir þeirra opnaði munninn til að segja eitthvert meiningarlaust rugl.

Þegar annar rétturinn var kominn, þá báðu systurnar um leyfi til að standa upp frá borðinu. Þær fóru þegar upp í svefnherbergi sitt og grétu yfir þessum afskaplegu tengdum og vonbrygðum, þangað til þær sofnuðu.

„Nú get eg ekki setið lengur", sagði brúðurin og stóð upp með hálfleimnu smáflissi, um leið og hún hélt eftirmatarskálinni hátt upp í loft. „Eg er alveg sundurmarin, og komi einhver í kvöld til að heilsa upp á okkur, þá segið þið að eg taki á móti þeim á morgun".

Hún tiplaði upp stigann og upp í herbergið, sem þeim var ætlað, og Gerald á eftir, mjög ánægjulegur.

Frú Teale vissi ekki sitt rjúkandi ráð.

„Við sögðum að verra gæti það ekki orðið", sagði hún lágt. „En hvernig eigum við að þola þetta".

„Eg ætla ekki að þola það", sagði maður hennar og barði í borðið. Þau geta pakkað dótinu sínu saman þegar á morgun, og ef hún kemur svo nokkurntíma aftur í mitt hús, þá skal eg svei mér . . . hann barði aftur í borðið hótandi.

»En það breytir þessu í engu", sagði frúin sorgbitin. »Hann er eyðilagður og við erum svívirt og allir fá þetta að vita«.

Það varð stundarþögn.

Frú Teale fór nú að gráta eins og ung stúlka og sagði:

»Eg hafði hugsað mér að hún væri ung stúlka, hæfilega gömul handa mínum alvegaleidda dreng, og sómasamlega uppalin, svo að hún væri þó að minsta kosti dama, og jafnvel þó eg efaðist ekki um að hann hefði valið sér slíka stúlku, þá fanst mér að við værum ákaflega óhamingjusöm af því — af því hún væri ekki auðug og af gömlum aðalsættum. Þetta er eflaust hegning á mig fyrir það. Ó, hefirðu séð nokkuð svo hræðilegt sem hana?«

„Nei, víst ekki. svaraði maður hennar þungbúinn.

Það var heldur alvarlegur hópur sem beið nýgiftu hjónanna í borðstofunni morguninn eftir. Á öllum andlitunum sáust merki eftir svefnlausa nótt. Allir voru auðsjáanlega í slæmu skapi.

Hr. Teale stóð frammi við kamínuna og starði þungbúinn fram í dyrnar. Hann ætlaði að sýna þeim að hann væri húsbóndi á sínu heimili, og að hann ætlaði ekki að láta sonarkonuna vera lengur en í hæsta lagi eina klukkustund til undir sínu þaki.

»Góði pabbi, reyndu að fá þau til að fara af stað áður en einhver kemur", sagði Magða. „Það væri voðalegt ef einhverjir sæju hana hérna«.

„Já, hræðilegt" sagði Matthildur með hryllingi.

Nú heyrðist fótatak í stiganum. Frúin sneri sér skjálfandi fram og dæturnar héldu niðri í sér andanum.